

### 3. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Lagt fyrir alþingi 1935).

#### 1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, svo og lög nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1936.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkissjóður má einskis í missa af tekjum sínum, og er því í frumvarpi þessu lagt til að framlengt verði gildi laga um verðtoll og laga um bráðabirgðaverðtoll til ársloka 1936. Þótti einfaldara að hafa framlenging beggja tollanna í sama frumvarpi. Kemur frumvarp þetta því í stað laga nr. 61 10. dec. 1934 og laga nr. 62 frá sama degi.

Um tekjuvonar af frumvarpinu nægir að visa til fjárlagafrumvarpsins, þar sem reiknað er með tekjum af því.